

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir frystan hörpudisk á framleiðslutímabilinu 1. júní 1988 og meðan það verð sem Verðlagsráð ákvað, á hörpuskelfiski til vinnslu, gildir.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir frystan hörpudisk á framleiðslutímabilinu 1. júní 1988 og meðan það verð sem Verðlagsráð ákvað, á hörpuskelfiski til vinnslu, gildir:

Laus- og blokkfrystur hörpudiskur:	SDR pr. lb. cif.
Færri en 60 stk. í lb.	2,77
Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað	2,56
Hálfhreinsaður	1,26
Rauður og brotinn	1,55

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Þar sem þörf fyrir verðbætur á framleiðslu ársins 1987 er mun meiri en sem nemur eignum hörpuskelfjadeildar Verðjöfnunarsjóðs, mun ekki koma til útgreiðslu vegna ofangreinds framleiðslutímabils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. ágúst 1988.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri vélskelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. júní 1988 og meðan það verð sem Verðlagsráð ákvað gildir.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri vélskelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. júní 1988 og meðan það verð sem Verðlagsráð ákvað gildir:

Vélskelflett rækja:	SDR pr. lb. cif.
Færri en 350 stk. í lb.:	
Blokkfryst	3,55
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3,55
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,71
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,12
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,33

Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:

	SDR pr. lb. cif.
Blokkfryst	3,38
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð	3,38
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,55
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	3,92
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,12

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. ágúst 1988.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir skreið á Ítalíumarkað á framleiðslutímabilinu 1. júní 1988 og þar til annað verður ákveðið.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir skreið á Ítalíumarkað á framleiðslutímabilinu 1. júní 1988 og þar til annað verður ákveðið.

Viðmiðunarverð í SDR pr. tonn cif.

EDDA	30/40	5 823
	40/50	6 719
	50/60	9 183
	60/70	9 322
SAGA	I.P.	7 391
	I.M.	10 004
	I.G.	10 452
ASTRA		5 599

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. ágúst 1988.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.